

Hofsstaðaskóli

8. nóv. 2011

Kæri bæjarstjóri Garðabæjar

Við í umhverfisnefnd Hofsstaðaskóla tókum að okkur að skrifa þetta bréf til þín fyrir hönd umhverfisnefndar og Nemendafélags Hofsstaðaskóla.

Það er smá vandamál með ljósin á salernum skólans. Slökkvarar eru frammi á gangi og eru ljósin á ganginum og salernum á sama slökkvara. Stundum rekt einhver í slökkvarann eða slekkur viljandi og þá er alveg myrkur á salernunum því að það eru engir gluggar þar. Við í umhverfisnefnd og nemendafélagi Hofsstaðaskóla erum með þá hugmynd að settir verða sér slökkvarar inn á salernin eða ljós sem kviknar og slökknar á við hreyfingu, svo að engin verði fyrir því að sitja í myrkri á salerninu. Það sparar líka rafmagn því að þegar það er ljós á salerninu þarf líka að vera ljós á ganginum og á vorin og haustin er sól og bjart úti og þá þarf ekki að vera ljós á ganginum. Við ykkur um að athuga þetta mál til þess að enginn lendi í því aftur að það verði slökkt ljósið á hann á meðan hann er á salerninu.

Kær kveðja

Auður og Viktoría Dís fulltrúar 6. ÖM  
í umhverfisnefnd Hofsstaðaskóla

Afrit sent til bæjarráðs Garðabæjar